

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhaldsvist Sigurbjörns Eiríkssonar framlengist um allt að 30 dögum frá kl. 1203 27. mars 1976.

Föstudaginn 2. apríl 1976.

Nr. 47/1975. **Lárus Jónsson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Páli S. Pálssyni hrl. f. h. J. & B.

Auto Wholesalers Inc.

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjun kyrrsetningargerðar. Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfégeta í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fégetagerð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 16. apríl 1975. Krefst hann þess, að „hinni áfrýjuðu fégetagerð verði hrundið“ og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með beiðni 9. apríl 1975 fór stefndi þess á leit við yfirborgarfégetann í Reykjavík, að hann kyrrsetti svo fljótt sem unnt væri eigur áfrýjanda svo og þær eignir eiginkonu hans, Sonju Egilsdóttur, sem hún hefði fengið að gjöf frá honum með kaupmála, skráðum 21. febrúar 1975, til tryggingar skuld, jafnvirði 20.692 Bandaríkjadala í íslenskum krónum auk vaxta og kostnaðar, eins og nánar er greint í beiðninni.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfégeta, tók kyrrsetningar-

beiðni þessa til meðferðar í fúgetarétti Reykjavíkur, sem háður var í skrifstofu yfirborgarfúgetaembættisins 11. apríl 1975. Af hálfu gerðarbeiðanda sótti þing Páll A. Pálsson, cand. juris, vegna Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns og krafðist kyrrsetningar.

Gerðarþoli, áfrýjandi Lárus Jónsson, sótti sjálfur þing og lýsti yfir því, að hann væri eignalaus. Var síðan bókað, að gerðinni væri lokið.

Áfrýjandi styður kröfu sína þeim rökum, að miklir annmarkar séu á hinni áfrýjuðu fúgetagerð og m. a. verði ekki séð, hvort um kyrrsetningargerð sé að ræða.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð þrjú staðfest endurrit úr fúgetabók af fúgetagerð þessari. Endurrit þessi eru ósamhljóða, en ljóst er af þeim, að um árangurslausa kyrrsetningargerð er að ræða. Henni verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar, shr. síðustu mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000 krónur.

Það athugast, að áfrýjun máls þessa var algerlega að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Lárus Jónsson, greiði stefnda, Páli S. Pálsyni hæstaréttarlögmanni f. h. J. & B. Auto Wholesalers Inc., 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.
